

Snorrahátíðin og Þjóðarhlutverk

I.

Í KAFLA þeim í síðustu bók minni Þónýal, sem heitir „Snorri Sturluson og ættareinkenni Sturlunga“ (s. 115—30), er því spáð, að svo frægur sem Snorri er, þá eigi þó frægð hans eftir að aukast; og er nú þegar sjeð, að þar er um sannspá að ræða. Var það drengilega gert af Norðmönnum, að færa íslensku þjóðinni að gjöf þetta líkneski sem svo mjög hefir orðið til að minna á verk hins mikla snillings. Þarf heldur ekki að efa, að af Íslendinga hálfu var reynt til að fagna, eftir því sem best voru föng á, komu Norðmannanna í sambandi við þá gjöf. En þó skorti nokkuð á. Enginn hinna íslensku ræðumanna, nje heldur þeirra sem ritgerðir sömdu af þessu tilefni, ljét þess getið, að Norðmenn höfðu áður, með nokkrum hætti, gefið oss Snorra. Því að Norðmenn urðu fyrri til en Íslendingar sjálfir, að uppgötva hversu stórmerkilegur rithöfundur Snorri hafði verið. Að visu mun Sturla Sig- hvatsson hafa verið ekki grun- laus um að „sögubækur þær sem Snorri setti saman“ (eins og komist er að orði í Sturl- ungu) mundu vera nokkuð merkilegar; að öðrum kosti mundi hann ekki, svo fátt sem var með þeim frændum, hafa verið að dvelja í Reykholti hjá

Snorra til þess „að láta rita eft- ir þeim.“ En það er einungis þeirri dvöl að þakka, sem þó er minst þessara verka Snorra, er oss þykja nú, og að visu síst framyfir það sem maklegt er, svo stórmerkileg. Og er það meir en lítið furðulegt, að slík- ur gáfumaður sem Sturla Þórð- arson var, er sjálfur hafði dval- ið í Reykholti hjá Snorra föð- urbróður sínum og fengið hjá honum mentun sína, skyldi eng- an grun hafa um „að hversu dásamleg þessi ritverk Snorra voru, og mjög þess verð, að hann segði framtíðinni eitthvað frá þeim. En þar er þó þess að gæta, að einsog próf. Árni Pál- son hefir vel bent á í merkilegri ritgerð um Snorra (í hinni ný- ítakomnu bók sinni „Á víð og breið“) þá liggur Sturlu Þórðar- yni ver orð til hins mikla snillings frænda síns, en auð- elt er að gera sjer grein fyr- , svo mikið sem hann hefir átt onum að þakka. Það mætti snvel hugsa sjer, að öfund- efði þarna að einhverju leyti stað komið til greina, því að o gáfamaður sem Sturla Þórðarson var, hlaut að finna, sem fræðimaður, skáld og gusnillingur, var föðurbróðir- i honum langtum fremri. rð jeg þó að segja, að mjer- ðist skapferli Sturlu Þórðar- ar hafa verið merkilegra en , að hann gæti gefið öfund-

í mikið rúm. Og svo er sögu-
k hans ritað löngu eftir hinn
aklega og hörmulega dauða
orra.

II.

En þó að Norðmenn yrðu
fyrri til en Íslendingar, að
uppgötva hver snillingur Snorri
hafði verið, þá sáu þeir þetta
samt of seint, og seinna en svo,
að Snorri gæti orðið þeim að
því liði til að varðveita hið
forna norska mál, sem svo mjög
hefði þurft. Það hefir verið
Norðmönnum til mikils tjóns
hversu illa fór í því efni. Mag-
ister Hakon Hamre lýsti í grein
í Mbl., stórfróðlega þeim
glundroða sem nú er ráðandi í
norsku máli, og hvernig verið
er að leitast við að ráða bót á
þeim vandræðum.

Það er óhætt að segja, að það
hefir verið öllum Norðurlönd-
unum til mikils hnekkis, að hið
forna mál tapaðist, og það er
hreint ekki óverulegur þáttur í
þjóðarhlutverki vor Íslendinga
að leggja oss fram um að vinna
þar nokkra bót á. Vjer ættum
að vinna að því, að það verði
talið sjálfsgagt, að hver mentað-
ur maður á öllum Norðurlönd-
um geti lesið íslensku. Mál-
fræðingar vorir ættu að semja
góðar kenslubækur í íslensku,
handa Norðmönnum, Svíum og
Dönum. Íslensk rit að fornu og
nýu, ætti að gefa út með nægi-
legum skýringum. Góðir ís-
lenskukennarar ættu að ferðast
um Norðurlöndin og og halda
þar námskeið.

Alt mun verða auðveldara í
þessum efnum þegar menn
skilja, að það er ávinningur fyr-
ir þá að geta lesið íslensku.

Það verður þeim m. a. hjálp til
að rita sitt eigið mál betur. Og
auk þess er líklegt, að íslenskir
rithöfundar muni geta samið
þær bækur sem skaði væri að
geta ekki lesið á frummálinu.
Og, einsog menn vita, er engin
leið að þýða Íslendingasögurn-
ar, og þá einkum þær sem allra
bestar eru, einsog Egla og
Njála, þannig að þær tapi sjer
ekki til muna í þýðingunni. Og
vitanlega kemur þar til greina,
að hið forna norræna mál var
að sumu leyti fullkomnara en
málin sem þýtt hefir verið á.
En það er víst, að fullkomnara
mál er árangur meiri greindar,
og þarafleiðandi ljósari hugs-
unar. Og gæta verðum vjer
sjálfir þess, að ef vjer gjöldum
ekki einsog þarf, varhuga við
því, að mál vort spillist, þá mun
íslenskri hugsun heldur ekki
geta farið fram einsog þarf, og
hið stórkostlega fyrirheit sem
verk Snorra og þó fleiri Íslend-
inga, er, um fagurt og blessun-
arrikt íslenskt mentalíf, mun
þá aldrei rætast.

Helgi Pjeturss.

Leiðrjetting.

Í greininni „Eina vonin“, Lb.
17. ág., hafði misprentast slysa-
tala“ fyrir „slysaalda“. Enn-
fremur: f. „því sem jeg hefi
verið að skrifa, um hinar tvær
stefnur“ les: skrifa um hinar 2
stefnur o. s. frv. Of eða van í
setningu greinarmerkja, getur
verið bæði höfundur og setjara
að kenna. Fyrir „hugmundir“
les: hugmyndir.